
F U N D A R G E R ð

Fundur:	Raforkuhópur 2010-06
Fundartími:	Miðvikudagur 2. júní 2010 kl. 14:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Fundargerð síðasta fundar.
	2) Þróun garðyrkju og orkunotkun, Magnús Ágústsson garðyrkjuráðunautur mætir á fundinn.
	3) Almennar forsendur, landbúnaður.
	4) Almennar forsendur, iðnaður.
	5) Almennar forsendur, þjónusta.
	6) Breytingar á raforkuspá.
	7) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Ívar Þorsteinsson Íris Baldursdóttir Gunnar Aðalsteinsson Sigurður Ágústsson
EFLA:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Agnar Árnason/Baldur Dýrfjörð Ásgeir Sigtryggsson Pétur E. Þórðarson
Garðyrkjuráðunautur:	Magnús Ágústsson

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
- 2) Íris bauð Magnús Ágústsson garðyrkjuráðunaut velkominn á fundinn og bað hann um að segja okkur hvernig hann sæi framtíð garðyrkjunnar fyrir sér. M Á sagði að neyslan segði mest til um þróun greinarinnar og staðan væri sú núna að allt sem væri framleitt seldist. Innlend framleiðsla stendur undir stærstum hluta sölu tómata eða 60-70% og gúrkum væri hlutfallið nálægt 90%. Þeir samningar sem hið opinbera hefur gert við greinina hafa breytt miklu og þegar niðurgreiðslurnar á raforku voru teknar upp sem mótvægisáðgæred við það að felldir voru niður tollar af grænmeti fóru hjólin að snúast að fullu. Einnig hafði verið samið um úreldingu gróðurhúsa. Í kjölfar bankahrunsins voru niðurgreiðslur minnkaðar auk þess sem neysla grænmetis minnkaði og skilaði þetta sér í minni

framleiðslu. Hann taldi að neysla grænmetis mundi aukast aftur um leið og hjólin fara að snúast að nýju. Aukin neysla grænmetis frá 2005 hefur gert það að verkum að hún er að verða svipuð og á Norðurlöndunum og við erum farin að nálgast mannelismarkmið. Hafa þarf í huga að ef framleiðsla dettur niður hluta úr ári og neytendur fá því ekki grænmetið minnkar neyslan á öðrum tímum einnig. Íris spurði hvort ekki hafi verið reynt að búa til uppskerutíma á því grænmeti sem er árstíðabundið til að auka söluna. MÁ sagði að dæmi væri um slíkt svo sem páskaliljur og jólastjörnur.

Varðandi blómaræktina að þá hefur staðan þar batnað og samdráttur hefur ekki komið þar fram heldur hefur sala aukist áfram eftir hrun. Samdráttur hefur verið mikill í fermetrum sem lagðir eru undir blóm þrátt fyrir að framleiðslan hafi aukist og er flatarmálið nú um 40% af því sem það var árið 1998 og er það aukin lýsing sem skilað hefur þessum árangri. Sala á blómum í búntum hefur aukist minna að undanfögnu en önnur blómasala.

Farið er að framleiða fjölbreytt úrval af tómötum og nú vantar tómata á markaðinn. Í papriku hafa menn verið að þróa lýsingu og er svo komið að það hefur skilað mönnum tvöfaldri framleiðslu á fermetra eða 28 kg/m². Paprika er dýrust í desember og janúar vegna lítillar framleiðslu á þeim árstíma. Fyrir tæpum tíu árum síðan var þessari framleiðslu spáð dauða en raunin hefur orðið önnur. Framleiðsla er um 137 tonn á ári en innflutningur er um 1.100 tonn svo mikil tækifæri ættu að vera í þessari ræktun. Innflutt paprika ákveður verðið á grænni papriku.

Gerðar hafa verið tilraunir með miklu meiri lýsingu á papriku en verið er að nota en komið hefur í ljós að slík er ekki hagkvæmt þar sem kostnaður verður þá svo mikill við lýsinguna. Dæmi eru um bændur sem ekki eru með lýsingu en hafa verið að ná góðum árangri í ræktun.

Spurning er hvernig garðyrkjan muni standa sig ef við gögnum inn í ESB. MÁ taldi að það gæti reynst henni erfitt og blómræktin mundi líklega ekki standast samkeppnina. Hann sagði þó að þær greinar á ESB svæðinu sem standa sig best eru þær þar sem gefið var fullt frelsi. MÁ benti á bætta geymsluáferðir á útiræktuðu grænmeti svo sem kartöflum, rófum og gulrótum og þetta kallar á orkunotkun. Kæligeymslur tæmast á vorin og orkunotkun er því engin þar frá þeim tíma og fram á haustið. Hugsanlega mætti rækta eitthvað af því grænmeti sem nú er ræktað úti í gróðurhúsum til að fá ferska vöru yfir veturinn og nefndi hann sérstaklega Íssalat. Mest allt niðurskorið salat sem er verið að selja í pökkum í búðum er innflutt grænmeti. Ef gosið í Eyjafjallajökli hefði staðið lengur hefði verið hætt við að ræktun á rófum og fleiru hefði minnkað mikið þar sem hún er mikil undir Eyjafjöllum.

Varðandi framleiðslu á fermeter gróðurhúsa sagði MÁ að við ræktun venjulegra tóamata með lýsingu væru menn komnir í um 80 kg/m². Þeir sem ekki væru með lýsingu væru komnir í um 30 kg/m². Líklegra er að þeir hætti framleiðslu sem ekki eru með lýsingu en hinir og meðaltalið ætti að geta komist í 50-60 kg/m² úr 39 kg/m² sem það er nú. Í papriku hafa ræktendur hér á landi náð allt að 19 kg/m² án lýsingar. Að meðaltali fyrir alla ræktendur ætti að vera hægt að ná 25 kg/m².

Varðandi hlut innlendar framleiðslu á grænmetismarkaðinum taldi hann að hún gæti aukist og benti sérstaklega á salat sem selt er í pokum en áður hafði verið nefnd paprika. Hann taldi að innlenda framleiðslan gæti farið í 40% ef rekstarumhverfið breytist ekki.

Varðandi þróun í lýsingu benti MÁ á tilraun sem gerði var síðasta vetur á að haga lýsingu í samræmi við tímaháðan taxa sölu. Slíkt virðist ganga vel við ræktun papriku en varðandi tóamata er frjóvgunin vandamál. Ósamræmi í töxtum milli sölu og dreifingar minnkar þó ávinning af slíku. Tilraunir hafa verið gerðar með LED lýsingu og er sú tækni ekki komin á það stig að hægt sé að fara að nýta hana í gróðurhúsum auk þess sem hún er allt of dýr.

- 3) JV fór fyrir kafla í almennum forsendum um landbúnað. Engar frekari athugasemdir komu við þær forsendur.

Ákveðið var að fresta liðum 4) til 7) til næsta fundar. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00. Ákveðið var að vera með aukafund á föstudag og mun Ágústa Loftsdóttir mæta á þann fund og fjalla um nýja orkugjafa í samgöngum.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Kafli 5 í almennum forsendum um landbúnað.

Dreift eftir fundinn:

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
--------	----------

JV	Athuga hvort ástæða sé til þess að hækka aflaforsendur út frá umframkeyrslu
	.